

Styttist í frumsýningu á “Nönnu systur”



Ljósmynd: Hannes Einar Einarsson

SÝNINGAR

- Frumsýning föstud. 8. mars kl. 20
- 2. sýning sunnud. 10. mars kl. 20
- 3. sýning laugard. 16. mars kl. 20
- 4. sýning sunnud. 17. mars kl. 14
- 5. sýning fimmtud. 21. mars kl. 20

Hægt er að panta miða í síma 8691118 eða á gylfi1sig@gmail.com



Leikdeildin æfir nú af kappi leikritið “Nanna systir” eftir Einar Káráson og Kjartan Ragnarsson. Leikstjóri er Örn Árnason. Þetta er gleðileikur með harmrænu ívaði sem gerist í litlu samfélagi úti á landi og óhætt er að segja að þar gangi á ýmsu. Vorumst til að sjá ykkur sem flest á sýningunum í mars. Posi á staðnum.

Ungmennafélag Gnúpverja hefur í rúm 100 ár staðið fyrir leiksýningum á góðum og gildum verkum eftir ýmsa höfundu. Fyrstu leiksýningarnar voru í baðstofum í sveitinni en eftir að Ásaskóli var byggður 1923, var æft og leikið þar. Síðustu 50 árin hefur félagshéimilið Árnes verið heimili leikstarfseminnar.

Leikdeild var stofnuð innan Ungmennafélagsins árið 2010 og er Nanna systir fimmta sýningin sem sett hefur verið upp síðan.

Um leikstjórn sér Örn Árnason. Hann er, eins og kunnugt er, einn ástælasti leikari íslensku þjóðarinnar. Örn útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands árið 1982 og hefur lengi verið fastráðinn við Þjóðleikhúsið. Auk þess hefur hann verið sjálfstætt starfandi leikari, framleiðandi, leikstjóri og höfundur. Það var mikið lán fyrir leikdeildina að fá Örn til samstarfs enda virkilega gaman og lærdómsríkt að vinna með honum.



Viðbragðsáætlun Almannavarna -samfélagsleg áföll-



Skýrslan fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp var gefin út á síðasta ári.

Hún er fánleg á skrifstofu sveitarfélagsins og má hana einnig finna á www.skeidgnup.is

Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu



SELÁSBYGGINGAR ehf
Reisum með reisn Sími: 894-4142

Hjónaballið verður í Brautarholti laugardaginn 30. mars,

Hljómsveitin Spúttník sér um stuðið

nánar í næsta fréttabréfi

Nefndin



Opnunartími:
Mán.-lau. 10-18
Sun. 11-18



ÁRBORG
www.arnes.is



Sími
486 6006



Heilsugæslustöðin Laugarási

Sími: 432 2770 Fax: 432 2771

Opið virka daga kl. 8-16
Símatímar lækna kl. 9-9:30 & 13-13:30

Lyfjaendurnýjun er milli kl. 8-9.
Einnig rafrænt á www.heilsuvera.is

Utan opnunartíma er þjónusta lækna á Selfossi.
Sími vaktþjónustu lækna og hjúkrunarfræðinga er 1700.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.
María Kristjánsdóttir forstöðumaður maria@hveragerdi.is
Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180



Í NEYÐARTILVIKUM
HRINGIÐ Í 112



Pilates fyrir knapa

Pilates fyrir knapa verður haldið í reiðhöllinni á Flúðum þriðjudaginn 5.mars kl 19.30. Tíminn er ein og hálf klst og eru gerðar æfingar í bland við umræðu. Námskeiðið kostar 4.000:- Kennari er Heiðrún Halldórsdóttir.

Pilates fyrir knapa er sérhannað æfingarkerfi til að bæta ásetu og auka skilning á stjórnun. Skilgreinir ásetu og útskýrir hvers vegna ásetu gallar eru og hvað hver og einn þarf að gera í sínum líkama til þess að laga eða bæta ásetu og stjórnun. Gerðar verða æfingar sem þátttakendur geta tekið með sér

heim og æft. Æfingarnar hjálpa einnig til við verki í líkama, minnka þá eða að þeir hverfa með öllu.

Það á ekki að mæta með hest og þar sem við erum sjálf að gera æfingarnar er gott að taka með handklæði eða dýnu.

Hestamannafélagið býður upp á léttar veitingar eftir tímann.

Skráning á smari@smari.is - Skráningu líkur 3.mars

Allir velkomnir



Ég þakka fyrir áskorunina en hér kemur ein mjög fljótleg og góð

Lax í ofni með sætri kartöflu og hvítlaukssósu

4stk ferskir laxabitar
1 stk sitróna
Teriaki sósa
Sæt kartafla
Sýrður rjómi
hvítlaukur
Hlynsirop
Steinselja

Skerið sitrónuna í sneiðar og leggið í eldfast mót, leggið laxbitana ofan á og setjið teriaki sósuna ofan á laxinn. Mér finnst best að nota sósu sem er með sesamfræum í. Setjið þetta í ofn á 170 í ca 10-12 mín.

Sæt kartafla:

Skerið kartöfluna til helminga. Setjið báða helmingana á hvolf í

eldfast mót smá olíu yfir og vel af salti. Þetta þarf að vera í ofni í við 180 gráður í 40-50 mín

Hvítlaukssósa:

Ein dós af sýrðum rjóma, kreistið 3-4 hvítlauksrif úti setjið 1tsk af hlynsírópi og dass af steinselju. Hrerið vel saman og smakkið til.

Svo er það eftirrétur þessi er í miklu uppáhaldi á mínu heimili það eina sem þarf er royal súkkulaði búðingur 1/2 líter mjólk og 1/2 líter rjómi fylgið leiðbeiningum utan á kassanum af búningum vel og vandlega svo ekkert klúðrist, þeyta rjómann og hafið með.

Verði ykkur að góðu,
kveðja Árni Már

Ég vil að lokum skora á hann Guðjón Garðar í Brautarholti að koma með eitthvað gurma í næsta bréf



BARNAGAMAN

Það er sérstakt gleðiefni að sjá að 10 börn hafi fæðst á síðasta ári í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Það telst sterkur árgangur í sögulegu samhengi. Vissulega væri gaman að sjá jafnmörg börn, eða fleiri fæðast á þessu ári í sveitarfélaginu. Að sjálfsgögðu eru börn sem fæðast í öðrum hreppum jafnvelkomin. Hér í samfélaginu förum við létt með að sinna mun fleira fólki. Gott rými er í leikskóla og grunnskóla til að taka við fleiri börnum.

10



Fréttir frá Þjórarskóla

Útinám 3.- 4.bekkur

Þegar frosthörkur verða miklar þá er erfitt fyrir litlu smáfuglana að finna sér æti. Nemendur í 3.-4. bekk eru í útivist einu sinni í viku með Selmu kennara og hafa þau nýtt tímann í að búa til fuglafóður með kókosolíu og fræjum. Úti í 9 stiga frosti söfnuðust börnin saman fyrir framan skólann og tóku saman fuglamatinn sem þau höfðu búið til. Sumt af matnum var hengt upp í tré og annað var dreift ofan á nærliggjandi garðbekk. Árangurinn lét ekki á sér standa því fljótlega voru litlu vinirnir komnir í veisluborðið og tóku hresslega til matarins, börnunum til mikillar gleði.



Skáklota

Nú er lokið skáklotu sem stóð yfir í 3 vikur hjá nemendum í 1. – 7. bekk. Endaði hún á skákmóti innan kennsluhópanna. Á myndunum má sjá nemendur í fyrstu 5 sætum í hverjum hóp. Þeir sem voru stigahæðstir fengu verðlaunagrip. Umsjón með skáklotunni hafði Lilja Loftsdóttir.

5.–7. bekkur

Nýsköpun er hluti af smíðakennslunni í vetur. Hún byggir á því að nemendur stofna fyrirtæki, tveir eða fleiri, fá hugmynd af vöru, hanni hana, geri kostnaðaráætlun og markaðssetji. Í vor verða nemendur síðan með markað þar sem gestir fá innsýn í framkvæmdarferlið og vörurnar verða til sölu. Samhliða þessarar vinnu er hópurinn að vinna að hugmyndum til þess að senda inn í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna.

Stöðvavinna 1.–2. bekkur

Unnið er á stöðvum til þess að æfa betur það sem lagt hefur verið inn í vetur. Áhersla er á samvinnu og hjálpsami en vikulega er skipt um verkefni á stöðvunum. Markmiðið er að hver og einn fái að njóta sín og fái verkefni sem hæfir getu og þroska. Dæmi um stöðvar eru: Vasaljósalestur, ritun í tölvu, bananastafir (orðastöð), stafa-stöð, stærðfræðispil, peningastöð, mælingar og teningar.



Leikskólinn Leikholt

Í Leikholti er alltaf margt skemmtilegt um að vera. Dótadagur var 4. janúar 2019 og máttu þá öll börn koma með eitt dót að heiman. Þetta eru börnin alltaf mjög ánægð með.



Börnin eru líka ofsalega ánægð með snjóinn sem kom til okkar í janúar og eru búin að vera mikið úti að renna í



brekkunum, búa til snjókarla og fleira.

Reglulega erum við með öðruvísi daga í leikskólanum þar sem eldri börnin taka þátt í lýðræðislegri kosningu um hvernig dag eigi að vera með. Í janúar var kosið um að vera með Búninga- og/eða náttfatadag, þá máttu börnin



koma í búning og/eða náttfötum þennan dag.

Á Bóndadaginn fengum við öll að smakka þorramat og börnin fóru heim með myndir sem þau teiknuðu handa feðrum sínum. Með myndunum fylgir alltaf smá texti um pabba frá börnunum.

Myndirnar sem fylgja sýna smá brot úr starfi Leikholtis.

Með bestu kveðjum frá öllum í Leikholti.

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps Árnesi 801 Selfoss

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15 og föstudaga: 9-12
Sími: 486-6100, netfang: skeidgnup@skeidgnup.is

Sveitarstjóri:

Kristófer A. Tómasson
486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

Oddviti: Viðtalstími miðvikudaga kl 13-16

Björgvín Skafti Bjarnason
895-8432 oddviti@skeidgnup.is

Bókhalds- og launafulltrúi: Þuríður Jónsdóttir

486-6104 dudda@skeidgnup.is

Ritari, vefumsjón & öryggisvörður:

Kristjana H. Gestsdóttir, 486-6105 kidda@skeidgnup.is

Áhaldahús

Ari Einarsson
893-4426 ari@skeidgnup.is

Leikskólinn Leikholt

486-5586, leikholt@leikholt.is
Leikskólastjóri: Elín Anna Lárusdóttir 895-2995

Þjórarskóli

Sími 486-6000
Skólustjóri: Bolette Høeg Koch
486-6051 & 895-9660 bolette@thjorsarskoli.is



Ábyrgðarmaður:

Kristófer A. Tómasson
Umsjón og umbrot:
RS-útgáfan/Stefán Þorleifsson
Heimasíða: www.skeidgnup.is
Netfang: frettabref@skeidgnup.is

Bláinu er dreift ókeypis á öll heimili og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Upplag: 350 eintök.

Skilafrestur í næsta blað er:
föstudaginn 8. mars
Útgáfudagur er viku síðar.

frettabref@skeidgnup.is

Molar úr fundargerðum 13 (23. janúar) og 14 (6. febrúar)

Fundargerð 13

1. Reykholt í Þjórárdal, uppbygging baðstaðar. Beiðni um umsögn. Framhald frá síðasta fundi. Lagt var fram öðru sinni erindi frá Skipulagsstofnun, undirritað af Matthildi Stefánsdóttur, þar sem óskað er umsagnar um hvort fyrirhuguð framkvæmd við byggingu hótels og baðstaðar í Þjórárdal skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Rauðukambar ehf. sendi erindi til Skipulagsstofnunar um málið ásamt með erindinu fylgdi skýrsla unnin af verkfræðistofunni Eflu að ósk Rauðukamba ehf. Sveitarstjórn óskaði eftir mati Stefáns Gíslasonar umhverfisfræðings hjá Environice um áhrif af fyrirhugaðri framkvæmd. Skýrsla frá honum um málið var lögð fram til umfjöllunar á fundinum. Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum að áður nefnd skýrsla unnin af Eflu sé nægjanlega og ítarlega gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og mótvægisáðgerðum og vöktun. Anna Sigríður Valdimarsdóttir sat hjá og lagði fram eftirfarandi bókun. „Um leið og ég þakka Environice fyrir faglegt álit þeirra, vitandi að það byggir á fyrirbyggjandi gögnum og þeim leikreglum sem settar eru, þá verð ég að lýsa því enn og aftur að það er sannfæring mín að þessi fyrirhugaða framkvæmd og rekstur sé í engum takti við anda Þjórárdalsins og þeirra menningar- og jarðsöguverðmæta sem hann er. Það er margt í umfangi áförmis sem vekur hjá mér ónotatilfinningu, sem og það fordæmi sem við séum að setja með því að úthluta landi í almenningseign til einkaaðila. Ég get vel skilið að þessi áform hljómi vel í einhverju rekstrarlegu tilliti, en hvað varðar náttúru og umhverfi jarðsögu og menningarminjar, er þarna um mögulegt óafturkræft inngrip að ræða. Eftir sem áður mun ég þó sitja hjá við afgreiðslu mála sem tengjast þessum áformum við Reykholt í Þjórárdal.“

Samþykkt að fela sveitarstjóra að svara bréfi Skipulagsstofnunar og tilgreina hvað leyfi þurfi leggja fram vegna málsins.

2. Skólaakstur- fyrirkomulag eftir að samningar við bílstjóra renna út.

Rætt var um mögulegt fyrirkomulag samninga við skólabilstjóra eftir að samningar þar um renna út næstkomandi vor. Máli vísað til skólanefndar. Oddviti og sveitarstjóra falið að semja spurningar til nefndarinnar á grundvelli umræðu er fram fór um málið. Sveitarstjóra falið að ræða við skólabilstjóra um hug þeirra til áframhaldandi samstarfs.

3. Sorphirða og sorpeyðing. Staða mála á Suðurlandi. Rætt var um þá stöðu sem komin er upp í sorpmálum á Suðurlandi.

Frá árinu 2009 hefur óflokkaður úrgangur frá sveitarfélögum á Suðurlandi verið fluttur til urðunar í Álfnesi í samræmi við samkomulag SORPU og Sorpstöðvar Suðurlands, sem gengið var frá í framhaldi af lokun urðunarstaðar Sunnlendinga í Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfusi árið 2009. Síðustu misseri hefur móttaka úrgangsins verið háð skilyrðum af hálfu SORPU, m.a. um að Sunnlendingar leggi til urðunarstað fyrir hluta af þeim úrgangi sem til fellur á höfuðborgarsvæðinu. Leit Sunnlendinga að urðunarstað hefur ekki enn borið árangur og því telja forsvarsmenn SORPU að forsendur samkomulagsins séu brostnar. Áform eru um að flytja sorp úr landi í ljósi þessara aðstæðna. Ljóst er að það muni verða kostnaðarsamt. Anna Sigríður lagði fram eftirgreinda bókun: „Það er að mínu mati dapurleg niðurstaða og skortur á framsýni ef það er talið vænlegasti kostur að flytja sorp út yfir Atlantshafið til þess að brenna því í öðru land, með tilheyrandi kostnaði, orkueyðslu og mengun við flutninginn.“

Sveitarstjórn tekur samhljóða undir með Önnu. Sveitarstjórn lýsir enn fremur áhyggjum af ástandi í sorpmálum á Suðurlandi og hvetur stjórn Sorpstöðvar Suðurlands til að leita leiða til að finna sorpurðunarstöð hið fyrsta.

4. Klettur. Beiðni um umsögn leyfis. Lögð fram beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi, undirrituð af Agli Benediktssyni um umsögn vegna umsóknar um rekstarleyfi til sölu gistingar í flokki II frá Ásgeir Eiríksson ehf. 590692-2639. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umbeðið leyfi samkv. ofangreindu verði veitt með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

5. Umsóknir um lóðir við Skólabraut við Árnas. Hrafnshóll ehf kt. 540217-1300, sækir um lóðirnar Skólabraut 1A og 1B, Skólabraut 3A og 3B og Skólabraut 5A og 5B. Umsóknir undirritaðar af Ómari Guðmundssyni. Sveitarstjórn tekur jákvætt í umsóknirnar og felur sveitarstjóra að undirbúa gerð tilheyrandi lóðarleigusamninga.

6. Samstarfsamningur við Björgunarsveitina Sigurgeir. Sveitarstjóri lagði fram undirritaðan samstarfsamning milli Sveitarfélagsins og björgunarsveitarinnar árin 2019–2030. Samningur samþykktur samhljóða. Gert ráð fyrir tilheyrandi útgjöldum í fjárhagsáætlun.

7. Kaupsamningur um Suðurbraut 1. Sveitarstjóri lagði fram undirritaðan kaupsamning milli sveitarfélagsins sem seljanda og Björgunarsveitarinnar Sigurgeirs sem kaupanda 33,3% hluta fasteignarinnar Suðurbraut 1.

Samningur samþykktur samhljóða.

8. Samningur um útgáfu fréttabréfs. Framlenging. Lögð fram drög að framlengingu samnings tímabilið janúar til apríl 2019. Samningsdrög samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

9. Tilnefning í vatnasvæðanefnd. Samþykkt að tillögu umhverfisnefndar að tilnefna í nefndina Sigprúði Jónsdóttur og Jónas Ásgrímsson.

10. Sælurvellir. Viðbrögð við svari Umhv. ráðuneytis. Lagt fram bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti undirritað af Írisi Bjargmundsdóttur og Steinunni F Sigurðardóttur. Varðar Réttarholt 189447 (Sælurvellir). Stofnanir lóða. Þar er vísað til bréfs frá Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita frá 13. mars 2018 þar sem óskað er eftir undanþágu frá ákvæði 5.3.2.5. um fjarlægð bygginga frá þjóðvegi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að umræddar lóðir verði skilgreindar sem verslunar og þjónustulóðir og óska jafnframt eftir samsvarandi breytingu á aðalskipulagi. Með því geta byggingareitir verið í 50 metra fjarlægð frá þjóðvegi.

11. Heimsókn lögreglustjóra. Kjartan Þorkelsson lögreglustjóri á Suðurlandi og Björn Ingi Jónsson verkefnastjóri almannavarna á Suðurlandi mættu til fundar. Kjartan sagði frá starfsemi og umfangi lögregluembættisins og hlutverki verkefnastjóra almanna-varna

væri að áfangaskipta verkefninu.

2. Sultartangastöð aflaukning. Beiðni um umsögn. Lagt var fram bréf frá Skipulagsstofnun undirritað af Matthildi Stefánsdóttur, þar sem óskað er eftir umsögn um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Samhliða var lögð fram skýrsla frá Landsvirkjun um verkefnið, auk afrits af tilkynningu frá Landsvirkjun til Skipulagsstofnunar um verkefnið. Sveitarstjórn er sammála um að ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum vegna aflaukningar Sultartangavirkjunar.

3. Þóknarir til sveitarstjórnarfulltrúa. Framhald frá fundi nr. 13. Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu um þóknun til sveitarstjórnarfulltrúa. Föst greiðsla til sveitarstjórnarfulltrúa verði 55.000 kr. á mánuði. Auk þess fái hver fulltrúi 27.500 kr fyrir hvern setin fund. Varamaður fái jafnframt greitt 27.500. kr. fyrir setinn fund. Samkvæmt yfirliti yfir kostnað mun breyting samkvæmt tillögunni hafa lítilsháttar kostnaðaraukningu í för með sér. Breyting þessi gildi frá 1. janúar 2019. Tillagan samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að koma greinargóðum upplýsingum um málið á framfæri.

4. Hólaskógur. Ákvörðun um ráðstöfun. Deiliskipulag. Deiliskipulag um Hólaskóg hefur tekið gildi. Áhugi hefur verið sýndur á aukinni uppbyggingu við Hólaskóg. Talsverðar umræður urðu um málið.

5. Aðalskipulagsmál. Áshildarmýri, Sandholt, Kálfhóll. Lagðar fram umsagnir Skipulagsstofnunar vegna



Fundargerð 14

1. Beislun vindorku. Stefán K. Sveinbjörnsson og Guðlaugur Þórarinnsson frá Landsvirkjun mættu til fundar. Þeir greindu frá hönnun Búrfellslundar. Hugmyndir eru um að fjölga vindmyllum á því svæði. Stefán kynnti breyttar hugmyndir að verkefninu, helstu breytingar eru að ásýndaráhrif fyrirhugaðra vindmylla er mun minni en var í fyrri tillögu. Tekið er tillit til fyrirhugaðra friðlýsinga í Þjórárdal. Guðlaugur lagði áherslu á að auðvelt

aðalskipulagsbreytinga í Áshildarmýri, Sandholti og á Kálfhóli. Undirritaðar af Birnu Árnadóttur.

Sveitarstjórn bendir á að ekki sé verið að taka ný svæði undir byggð, þar sem einungis er um að ræða svæði sem eru skilgreind sem frístundasvæði eða svæði með blandaðri landnotkun (frístundasvæði/svæði til sérstakra nota) í gildandi aðalskipulagi, minnka þau og skipuleggja sem íbúðasvæði. Slík breyting úr einu byggðaformi í annað kallar ekki á umfjöllun skv. 61

gr. náttúruverndarlaga. Engin gögn/upplýsingar liggja fyrir um að verið sé að skerða „... eldvörp, eldhraun, gervigigar og hraunhellar eða votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, [20.000 m²][1] að flatarmáli eða stærri,... umfram það sem ætla má að skerðist vegna frístundasvæða (skv. gildandi skipulagi). Þá tekur sv.stjórn ekki undir ákvæði landsskipulagsstefnu um að einungis skuli beina uppbyggingu að núverandi byggðakjörnum. Margvíslegar ástæður liggja fyrir áhuga einstaklinga til að setjast að í dreifbýli og vill sveitarfélagið koma til móts við þann áhuga. Nú þegar þarf að halda úti margs konar þjónustu, dreifi- og veitukerfum í dreifbýli, t.d. samgöngum, skólaakstri, ljósleiðara, rafveitu og vatnsveitu. Aukinn fjöldi notenda styrkir rekstur og stöðugleika þeirra kerfa sem fyrir eru. Þá hefur verið ráðstafað öllum byggingarhæfum íbúðarlóðum í þéttbýlinu í Brautarholti. Í Árnesi hefur verið töluverð ásókn í íbúðalóðir síðustu misseri, en þar eru lóðir almennt litlar og höfða til annars markhóps en vill vera á rúmum lóðum í dreifbýli. Í ljósi þessar telur sveitarstjórn ekki ástæðu til að bregðast við ábendingu UST og Skipulagsstofnunar varðandi byggð í dreifbýli.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytingu á aðalskipulagi sem tekur til nýrra íbúðasvæða í landi Sandholts, Kálfhóls og í Áshildarmýri, sbr. fram-

lagða tillögur, dags. 19. sept. 2018, með breytingu dag. 31. jan. 2019. Sveitarstjóra og oddvita falið ganga frá svari til skipulagsstofnunar.

5. Þjósárdalur friðlýsing minja. Lagt fram bréf frá Minjastofnun undirritað af Kristínu Huld Sigurðardóttur. Í bréfinu eru kynnt friðlýsingaráform Minjastofnunar í Þjósárdal. Meðfylgjandi er kort er sýnir það svæði sem um ræðir. Vísað er til þess að í lögum menningarmínjar standi að friðlýsa megi samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljist hafi menningarsögulegt gildi. Óskað er eftir svari við erindinu fyrir 10. febrúar nk. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að taka sér þann tíma sem þarf til að svara erindinu. Sveitarstjórn gagnrýnir að ekki sé haft samráð við viðeigandi landeigendur um umrædd friðlýsingaráform.

6. Umsókn um lóð við Vallarbraut. Lögð fram umsókn Traðarlands ehf um lóðina Vallarbraut 11. Undirrituð af Agli Gestssyni. Sveitarstjórn samþykkir að úthluta Traðarlandi ehf lóðinni. Sveitarstjóra falið að vinna að lóðarleigusamningi.

7. Drög að samkomulagi við Landsvirkjun. Mótvægisáðgerðir. Lögð fram drög að samkomulagi um mótvægisáðgerðir vegna Búrfells 2. Þær felast meðal annars í auknu aðgengi að Búrfellsskógi og göngubru á Þjósá við Búrfellsskóg. Vísað var í samráðsfund um verkefnið 24.01. sl. Talsverðar um-

ræður urðu um málið. Samningur samþykktur með fjórum atkvæðum. Anna Sigríður greiddi atkvæði á móti og lagið fram eftirfarandi bókun: Ég get ekki fallist á þetta samkomulag af þeim sökum að ég tel að verið sé að opna á umferð á svæði sem óvíst er hvað þolir eða hvaða innviðir taki við þeirri auknu umferð sem færi inn á svæðið. Ég hefði talið æskilegra að fram hefði farið skoðun á þolmörkum Búrfellsskógar og áform um hvernig umferð verði stýrt um svæðið.

8. Sveitarfélögin og heimsmarkmiðin. Bréf frá Fors.ráðuneyti undirritað af Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra. Kynning á heimsmarkmiðum fer fram í Reykjavík 15. febrúar nk. Samþykkt að Matthías Bjarnason mæti á kynninguna.

9. Skaftholt. Beiðni um styrk. Lögð fram beiðni um styrk frá Ferðafélags Skaftholts. Undirritað af Unni Þroskaþjálf í Skaftholti. Samþykkt samhljóða að veita 110.000kr. Styrkur rúmast innan fjárhagsáætlunar.

10. Drög að samþykkt um dýraverð. Sveitarstjóri greindi frá undirbúningi samþykktar um dýraverð.

elferð. Leitað hefur verið eftir ráðgjöf frá Matvælastofnun. Máli frestað til næsta fundar.

11. Félag um sjálfbærni og lýðræði. Lagt fram bréf frá Öldu- félagi um sjálfbærni og lýðræði. Félagið leggur áherslu á styttingu vinnuviku og eflingu lýðræðis undirritað af Guðmundi Daníelssyni. Anna Sigríður Valdimarsdóttir lagði fram svohljóðandi bókun. „Ég fagna að sveitarstjórn fái kynningarfund frá Öldu-félags um sjálfbærni og eflingu lýðræðis um styttingu vinnuviku og eflingu lýðræðis, enda samrýmist það mjög vel markmiðum Grósku.“ Alda býður sveitarstjórn kynningu á sinni starfsemi. Sveitarstjórn samþykkir að fá kynningu frá Öldu.

12. Erindi frá Skógræktinni. Varðar Hjalparfoss. Lagt fram bréf frá Skógræktinni undirritað af Hreini Óskarsyni. Varðar framkvæmdir á salerni við Hjalparfoss í Þjósárdal. Samþykkt að veita 1.000.000 kr til verksins að svo stöddu. Fjárhæð rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Allar fundargerðir má finna á www.skeidgnup.is

NESLAUG

Sími: 486-6117



Miðvikudaga: 17-22
Laugardaga: 13-18



SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500



Mánudaga: 18-22
Fimmtudaga: 18-22

Umsjónarmaður:

Eypór Brynjólfsson s: 897-1112 eythorb@gmail.com

Gámasvæðin



Opnunartími:

Við Árnes:
Þriðjudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:
Miðvikudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 13-15

Fata- & dýragámar eru opnir allan sólarhringinn

Tekið er við garðaúrgangi úr jurtaríkinu í Skaftholti alla daga (Til vinstri á heimreið)

Áburðarpokar eru tveggja laga og ytra byrðið er endurvinnanlegt en innra byrðið fer í almennt sorp.

Ekki er tekið við þessari vöru óflokkaðri.

Gjaldskyldur úrgangur: Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Timbur málað og ómálað. Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbrot. Annar grófur úrgangur. Raftæki. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur: Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hreint). Bylgjupappi. Dagblöð/tímarit/pappír. Fernur. Flokkaðir málmar. Hjólbarðar.

Umsjónarmaður: Jón F. Sigurðsson GSM: 893-7016



Ragnildur kom sá og sigraði

Uppsveitadeildin 2019 hófst í Reiðhöllinni á Flúðum í gær, þann 1. febrúar, með skemmtilegri keppni í fjórgangi þar sem Ragnildur Haraldsdóttir, kom sá og sigraði. Hún vann sig upp úr B úrslitum og alla leið í sigursæti A úrslita. Vel gert hjá Henni og Kóngi frá Korpu.

Það var nokkur eftirvænting hjá mótshöldurum Uppsveitadeildarinnar þetta árið þegar blásið var til keppni í fjórgangi þann 1. febrúar. Það var greinilegt að fleiri höfðu hlakkað til keppninnar því húsfullir varð, þrátt fyrir frostkalt kvöld.

Síðastliðið haust voru gerðar nokkrar breytingar á fyrirkomulagi keppninnar, eftir samræður við hestamannafélögin og keppendur. Ein helsta nýlundan var að opna keppnina fyrir knöpum úr öðrum félögum en Loga, Smára og Trausta, þó félagar þeirra hafi haft forgang um skráningu.

Það eru 35 knapar skráðir til leiks í ár, 20 konur og 15 karlar úr 10 hestamannafélögum. Eins og áður eru 7 lið sem keppa og 3 knapar úr hverju liði taka þátt í keppni kvöldsins.

Það var því fjölbreyttur hópur nýrra og reyndra keppenda í Uppsveitadeildinni sem hófu leikinn í fjórgangi. Áhorfendum varð fljótt ljóst að framundan væri skemmtileg keppni með afbragðs hrossum og góðum knöpum.

Forkeppnin var jöfn og spennandi. Sex knapar náðu inn í B úrslit, þrír með einkunnina 6,27. Það voru þeir Benjamín Sandur Ingólfsson og Leynir frá Fosshólum, Ásdís Ósk Elvarsdóttir og Koltinna frá Varmalæk og Þorgils Kári Sigurðsson og Fákur frá Kaldbak. Þær Thelma Dögg Tómasdóttir og Marta frá Húsavík og Ragnildur Haraldsdóttir á Kóngi frá Korpu komu jafnar þar á eftir með einkunnina 6,37. Efstur inn í B úrslitin urðu þeir Sólon Morthens og Fjalar frá Efri Brú með 6,4 í einkunn.



Fjórir knapar skipuðu A úrslit eftir jafna forkeppni. Birgitta Bjarnadóttir og Sveinsson frá Skíðbakka 1A fengu 6,5 í einkunn, Daníel Larsen og Arthúr frá Baldurshaga náldu sér í 6,6 á meðan Brynja Amble Gísladóttir og Goði frá Ketilstöðum enduðu með 6,83 eftir forkeppni. Efst inn í A úrslit voru þau Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Frár frá Sandhóli með einkunnina 6,87.

Eftir hlé hófust B úrslitin þar sem sex knapar kepptu um hið eftirsóttu sæti í A úrslitum. Keppnin var jöfn og sáust góð tilþrif hjá knöpum og hestum, en einnig hnökrar sem kostuðu sitt í svona jafnri keppni. Þeir Þorgils Kári og Fákur enduðu í 10. sæti með einkunnina 5,87. Jafnir í 8. - 9. sæti urðu þeir Benjamín Sandur og Leynir og Sólon og Fjalar með 6.10. Í 7. sæti urðu þær Ásdís Ósk og Koltinna með 6,4 og Thelma Dögg og Marta hrepptu 6. sætið með 6.57 í lokaeinkunn. En það var fljótlega ljóst að þeim Ragnildur og Kóngi hafði vaxið ásmegin í forkeppninni og komu vel heit inn í B úrslitin sem þau sigruðu með glæsibrag. Lokaeinkunn þeirra var 7,0 og sæti í A úrslitum tryggt.

Eftir hæfilegt hlé var komið að stóru stundinni. A úrslit voru hafin. Hér voru þau Ragnildur og Kóngur í essinu sínu, greinilega ekki búin að fá nóg. Keppnin var jöfn og spennandi sem yljaði áhorfendum um hjarta. Góð tilþrif mátti sjá í hverri gangtegund, en einnig kom í ljós að spennustigið var hátt. Keppnin um efsta stæðið var hörkuspennandi og jöfn. Í lokin varð ljóst að í 5. sæti enduðu þeir Daníel og Arthúr með einkunnina 5,93. Næst í 4. sæti urðu þau Birgitta og Sveinsson með 6,53 í einkunn. Þrír efstu knaparnir enduðu með 7 og herra í lokaeinkunn. Rósa Birna og Frár hlutu þriðja sætið með 7,0 í einkunn, Brynja og Goði enduðu í öðru sæti með einkunnina 7,03. En þau Ragnildur og Kóngur gerðu sér lítið fyrir og fóru alla leið úr B úrslitum upp í fyrsta sæti. Þau fengu í lokaeinkunn 7,13. Vel gert hjá þeim.

Áhorfendur héldu svo heim á leið eftir skemmtilegt kvöld með flottum sýningum og spennandi keppni. Næsta keppni í Uppsveitadeildinni 2019 verður haldin föstudaginn, 22. feb., en þá verður keppt í fimmgangi.



Uppsveitadeildin 2019

í samstarfi við



Fimmgangur, 22. febrúar kl. 20:00 - liðakynning kl 19:45.

7 lið - 34 knapar - 20 konur - 14 karlar - 10 hestamannafélög

Reiðhöllin á Flúðum

Sameiginlegur deildafundur Sláturfélags Suðurlands í Árnesi!

Sameiginlegur deildafundur SS hjá Skeiða, Gnúpverja og Hrunamannadeildum verður haldinn í Félagshemilinu Árnesi miðvikudaginn 27. febrúar kl 20:30. Hefðbundin fundarstörf. Hvetjum alla til að mæta og ræða málefni Sláturfélagsins.

Deildastjórar

Aðalfundur Fjárræktarfélags Gnúpverja

Aðalfundur Fjárræktarfélags Gnúpverja verður haldinn í Þjórskóla mánudaginn 25. febrúar klukkan 20:00. Hefðbundin fundarstörf

Stjórnin



HUNDAFANGARI
RAGNAR SIGURJÓNSSON
859-9559

TÓNMIÐJA SUDURLANDS
nútima tónlistarnám
Tónlistarnám og námskeið - fyrir fólk á öllum aldri

Minningarkort Stóra Núpskirkju
fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur: 486-6017

Minningarkort Ólafsvallakirkju
fást hjá
Guðjóni Vigfússyni: 896-5736

FJARSKIPTAFÉLAG
SKEIÐA- & GNÚPVERJAHREPPS
ljós@skeidgnup.is
Sigvaldi K. Jónsson: 863-4111
Jón Hákonarson: 669-0095

Flúðasveppir Farmers Bistro

Garðastígur 8, 845 Flúðir



Matseðill – Við ræktum það sem við bjóðum upp á

Aðalréttir

Sælkerahlaðborð – kaffi eða te innifalið	2.390 ISK
Matarmikið kjúklingasalát með dressingu	2.490 ISK
Lambasveppabaggi með salati	2.490 ISK
Grænmetisbuff með salati og hvítlauks-og basilsósu (vegan)	2.100 ISK
Flatbaka með sveppum, tómötum og papriku (tortilla)	1.890 ISK
Allir barnaréttir á matseðli	990 ISK

Eftirréttir

Sveppaís	1.190 ISK
Gulrótarís	1.190 ISK
Gulrótar/byggkaka	1.190 ISK



Opíð er frá 12:00 til 17:00 á veturnar og 12:00 til 18:00 á sumrin.

Tökum á móti hópum allt að 95 manns á kvöldin með sér matseðli ef óskað er.

Borðapantanir á booking@farmersbistro.is og s. 519-0808

farmersbistro, farmersbistro.is

Getraunanúmer
Ungmennafélags Skeiðamanna
Við styðjum UMF Skeið með þátttöku okkar! **799**

Getraunanúmer
Ungmennafélags Gnúpverja
Við styðjum UMFG með þátttöku okkar! **802**



www.hruni.is
facebook.com/hrunaprestakall

Hversdagsmessa og messa unga fólksins eru framundan!

Ágætu sveitingar. Vegna veðurs urðum við að fresta dægurlagamessu sem vera átti sunnudagskvöldið 20. janúar sl. En nú er ákveðið að dægurlagamessan verði haldin fimmtudagskvöldið 14. febrúar nk. kl. 20:30 í Hrunakirkju. Þetta verður því eiginleg hversdagsmessa sem vonandi laðar sem flesta að. Í hversdagsmessunni mun kórinn flytja þekkt dægurlög úr sjóði Magnúsar Þórs Sigmundssonar við undirleik frá bandi hússins. Stjórnandi söngs og tónlistar er Stefán Þorleifsson. Fluttar verða stuttar hugvekjur og bænir á milli tónlistarflutnings. Sunnudaginn 17. febrúar nk. kl. 11 verður síðan messa unga fólksins haldin í Hrunakirkju. Þar munu unglingarnir okkar leiða messugjörðina frá upphafi til enda, í tali og tónum. Sýnd verður stuttmynd, fluttar stuttar ræður og bænir og tónlistarfólk úr Tónsmiðjunni leiðir söng og tóna í athöfninni. Eitthvað sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara!

Þá er gaman að segja frá því að á þessu misseri eru djáknanemi og guðfræðinemi í starfsnámi hjá sóknarpresti. Þetta eru þau Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir í Áshlíð og Dagur Fannar Magnússon frá Selfossi. Þau munu koma töluvert við sögu í helgihaldi og kirkjustarfi fram á vorið og t.a.m. mun Dagur Fannar predika og aðstoða við messugjörðina þann 10. febrúar, bæði í Stóra-Núpskirkju og í Hrepphóla kirkju. Jóna Heiðdís verður svo til aðstoðar í messunum 24. mars og mun m.a. prédika í messunni sem þá verður í Ólafsvallakirkju.

Að lokum minni ég á heimasíðu prestakallsins hruni.is og fésbókarlóðina; facebook.com/hrunaprestakall. Helgihaldið næstu vikurnar er þá eftirfarandi:

17. feb.: Messa unga fólksins Hrunakirkju kl. 11.

10. mars: Messa Stóra-Núpskirkju kl. 14.

Með blessunaróskum.
Óskar Hafsteinn Óskarsson sóknarprestur



Líf og fjör í frjálsum íþróttum



Stórmót ÍR (19.-20. janúar sl.)

Það var heldur betur frægðarför á Stórmót ÍR. Níu krakkar fóru á mótið og fengu 17 verðlaun. Það gerði hvorki meira né minna en að setja Hrunamenn í 7. sæti af 35 liðum þegar verðlaun eru saman talin. Viða var krökkunum hrósað bæði fyrir árangur en ekki síður þrúðmennsku og góða framkomu.

Allir geta verið stoltir af sér og sínum eftir svona gott framlag. Mikið var um persónuleg met og sumir bættu sig í öllum þeim greinum sem þeir kepptu í.



Eftirtaldir krakkar frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi voru meðal þessara þátttakenda:

Vésteinn Loftsson (11 ára) vann gull í hástökki og 60m og silfur í kúluvarpi.

Þórhildur Arnarsdóttir (13 ára) vann silfur í 60m hlaupi og 60m grind og brons í 200m



Rebekka Georgsd. (14 ára) vann silfur í kúluvarpi.

Guðný Vala Björgvinsdóttir (15 ára) vann silfur í langstökki og hástökki og brons í þristökki.

Haukur Arnarsson (15 ára) vann gull í 60m hlaupi, 60m grindahlaupi og langstökki og silfur í kúluvarpi og brons í 200m hlaupi.



Unglingameistaramót Íslands

Unglingameistaramót Íslands fór fram í Kaplakrika helgina 26.-27. janúar 2019.

Sterkt lið sunnlenskra unglinga keppti á mótinu undir nafni HSK/SELFOSS og endaði liðið í öðru sæti í samanlagðri stigakeppni félaganna.

HSK/SELFOSS sigraði tvo flokka en það voru flokkur 15 ára drengja og flokkur 16-17 ára stúlkna.

10 öflugir krakkar sem æfa hjá Guðbjörgu Viðarsdóttur á Flúðum voru í liðinu og 3 þeirra eru frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi en það voru þau

Haukur Arnarsson, Guðný Vala Björgvinsdóttir og Margrét Inga Ágústsdóttir. Ekki var að spyrja að því frekar en fyrri daginn að allir krakkarnir stóðu sig vel. Settu fjölmörg persónuleg met og fékk



hópurinn alls 17 verðlaun. Haukur fékk silfur í langstökki og hástökki og brons í kúlu og Guðný Vala brons í hástökki og langstökki. Að auki komust Haukur og Guðný Vala á verðlaunapall með sínum boðhlaupssveitum HSK/SELFOSS. Mótið var langt og strangt en mjög skemmtilegt.

Munum eftir smáfuglunum

